

Hverfisráð Grímseyjar kom saman í ráðhúsi Grímseyjar 11.10.2010

kl. 20:00 á sinn 5. fund.

Viðstaddir voru Sigurður Ingi Bjarnason, Sigrún Þorláksdóttir og Ragnhildur Hjaltadóttir, fundarritari.

Tilfni fundar:

Umsögn um bréf til Sjávarútvegsráðuneytisins frá bæjarstjóra Akureyrar.

1. Hverfisráðið óskar eindregið eftir að Grímsey verði úthlutað byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2010/2011.

Í Grímsey byggist byggðin eingöngu á fiskveiðum og atvinnu tengdum þeim. Á undanförunum fjórum árum hefur kvótinn dregist saman um þriðjung. Þetta hefur gerst þrátt fyrir að hvorki bátar né kvóti hafa verið seld héðan. Þetta hefur haft verulegar afleiðingar fyrir byggðina hér. Ef fram heldur sem horfir fækkar enn störfum í útgerð og fiskvinnslu. Byggðin hér er farin að standa völtum fótum og munar um alla þá kvótaaukningu sem hægt er að fá. Við viljum gera allt til að byggð haldist í Grímsey og óskum því eindregið eftir byggðakvótaúthlutun hingað.

Okkur finnst umhugsunarefni hvað við höfum lent útundan í úthlutun byggðakvóta síðustu ára miðað við að útgerð og fiskvinnsla er okkar eina lífæð hér.

Fleira var ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 20:30

Sigurður Bjarnason

Sigrún Þorláksdóttir

Ragnhildur Hjaltadóttir
